



SOS
BARNAPORPIN

2.tlb.2018

Öll börn vilja gott heimili



Skór til Afríku

HM kveðjur

frá Eþíópíu og Mexíkó

Viðtöl við íslenska
styrktarforeldra

Ársskýrsla 2017

FRÉTTABLAÐIÐ ER FJÁRÖFLUN!

Reikningsnúmer fyrir þitt framlag:

0130-26-9049 - Kt. 500289-2529

Eða hringdu í 907 1001 og gefðu

þannig 1.000 kr.

VISSIR ÞÚ?

Starfsemi SOS Barnaþorpanna er í 135 löndum og miðar hún að því að útvega umkomulausum börnum, foreldra, systkini, heimili og menntun. Í dag búa um 90 þúsund börn og ungmenni í 572 SOS barnaþorpum í 126 löndum. Auk reksturs barnaþorpa um allan heim standa SOS Barnaþorpin fyrir umfangsmiklu forvarnarstarfi sem kallast Fjölskylduefling SOS. Þá reka samtökin fjölda leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla, ungmennaheimila, samfélagsmiðstöðva og heilsugæslustöðva auk þess að sinna neyðaraðstoð.

Umfang verkefna SOS Barnaþorpanna

4. apríl 2018:



SOS Barnaþorp
Fjöldi 572
Styrkþegar 89.637



SOS Heilsugæslustöðvar
Fjöldi 72
Styrkþegar 854.818



SOS Grunnskólar
Fjöldi 184
Styrkþegar 107.170



SOS Leikskólar
Fjöldi 234
Styrkþegar 24.577



SOS Verknámsskólar
Fjöldi 61
Styrkþegar 19.538



SOS Neyðaraðstoðarverkefni
Fjöldi 30



SOS Samfélagsmiðstöðv.
Fjöldi 159
Styrkþegar 133.033




Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram
Ritstjóri: Hans Steinar Bjarnason
Heimilisfang: SOS Barnaþorpin Hamraborg 1 200 Kópavogi
564 2910 / sos@sos.is / www.sos.is

Umbrot: FÆRID - www.faerid.com
Prentun: Oddi
Prófarkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Forsíðumynd: SOS Barnaþorpið í Addis Ababa, Eþíópíu



Á þetta við um þig?



Ef þetta á við um þig ertu í góðum félagsskap. Um 25.000 Íslendingar tóku þátt í að bæta hag barna í neyð í gegnum SOS Barnaporpin á síðasta ári. Þá eru ótaldir makar og aðrir sem ekki greiða í eigin nafni.

Ég stend þakklátur og auðmjúkur frammi fyrir ykkur sem hafið hjálpað. Það er ábyrgð mín og okkar sem störfum fyrir SOS Barnaporpin að sjá til þess að ykkar stuðningur komist raunverulega til skila og geri gagn. Það höfum við gert og gerum áfram. En mörg ykkar hafa sjálf séð með eigin augum ríkulegan ávöxt af ykkar stuðningi:

Kannski hefur þú styrkt munaðarlaust barn í SOS Barnaporpi frá því að það kom þangað og þar til það útskrifaðist úr þorpinu og jafnvel úr háskóla? Kannski ertu enn í sambandi við „barnið“ sem komið er með fjölskyldu og góða vinnu?

Kannski hefur þú heimsótt SOS Barnaporp og séð sjálf/ur aðbúnað barnanna og hvernig SOS mæðurnar annast þau?

Kannski fylgist þú með starfsemi okkar og árangri á Facebook, heimasíðu okkar sos.is eða lest fréttablaðið okkar?

Kannski hefur þú kynnt þér ársreikninga okkar og séð hvernig fjármununum er ráðstafað?

Hversu vel sem þú fylgist með okkur get ég sagt þér að stuðningur þinn gerir það gagn sem við segjum að hann geri. Hann breytir lífi barna og gefur ný tækifæri.


Ég vona svo sannarlega að stuðningur þinn nái enn lengra og veiti þér gleði og ánægju.

Ragnar Schram
Framkvæmdastjóri SOS Barnaporpana á Íslandi

ÚR ÁRSSKÝRSLU 2017

Heildarframlög til SOS Barnaþorpanna á Íslandi á árinu 2017 námu samtals 599,4 milljónum króna og leggur almenningur mest til starfsins eða 90%. Alls voru framlög íslenskra styrktarforeldra 392,5 milljónir króna árið 2017. Þau styrktu börn í 437 barnaþorpum í 107 löndum með mánaðarlegum framlögum. SOS foreldri fær reglulega myndir og fréttir af sínu barni og getur jafnvel heimsótt það í þorpið.

Rekstur SOS Barnaþorpanna er að langmestu leyti byggður á frjálsum framlögum. 19,7% aukning var á framlögum á milli ára og munar þar um tvær erfðagjafir sem félaginu bárust.



Í árslok 2017 voru íslenskir styrktarforeldrar alls 8,769 og barnaþorpsvinir 694. Þeir greiða mánaðarlega upphæð sem gefur umkomulausu barni fjölskyldu á ástríku heimili sem samtökin hafa byggt. Barnið fer í skóla og fær öllum grunnþörfum sínum mætt. Framlag styrktarforeldra fer í framfærslu og velferð barnsins. Styrktarforeldrar geta einnig gefið barninu peningagjafir inn á framtíðarreikning sem barnið fær þegar það yfirgefur þorpið. Algengt er að slíkar gjafir nýtist í áframhaldandi nám, útborgun í íbúð eða kostnað við að koma fyrirtæki á laggirnar. Heildarupphæð framtíðargjafa frá íslenskum styrktarforeldrum á síðasta ári var rúmar 11,7 milljónir króna og renna þær 100% beint til viðkomandi barns.



Fjölskylduvinir

Því miður eru aðstæður fjölmargra fjölskyldna slíkar að foreldrar neyðast til að láta börnin frá sér, tímabundið eða varanlega. Fjölskylduefling SOS er svar SOS Barnaþorpanna við slíkri neyð fjölskyldna. Markmið Fjölskyldueflingarinnar er að forða börnum




frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína. Fjölskyldueflingin er sá þáttur í starfi SOS Barnaþorpanna sem hraðast vex. Fjölskyldueflingunni er haldið uppi af Fjölskylduvinum sem styðja við verkefnið með mánaðarlegu framlagi að eigin vali. Árið 2017 voru heildarframlög íslenskra Fjölskylduvina rúmlega 11,7 milljónir króna en alls voru Fjölskylduvinir 955 talsins um áramótin.

Einnig er hægt að vera Barnaþorpsvinur en þá er eitt ákveðið barnaþorp úti í heimi styrkt með mánaðarlegu framlagi. Barnaþorpsvinir fá tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnaþorpinu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað. Framlag barnaþorpsvina fer í að greiða ýmsan kostnað við daglegan rekstur þorpsins svo tryggja megi öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa. Íslenskir barnaþorpsvinir voru 694 um áramótin.

Í fyrsta sinn yfir 10.000

Það gerðist nú í fyrsta sinn að mánaðarlegir styrktaraðilar urðu fleiri en tíu þúsund og munar þar um hraða fjölgun Fjölskylduvina.

Mánaðarlegar greiðslur



Lítill rekstrarkostnaður

„Við getum ekki annað en verið ánægð með þær viðtökur sem við höfum fengið hjá velunnurum samtakanna. Við höldum kostnaðinum við rekstur starfseminnar hér á landi í lágmarki og tryggjum þannig að sem mest af söfnunarfé skili sér í verkefni en fari t.d. ekki í falinn kostnað verkefna. Rekstrarkostnaður SOS Barnaþorpanna á Íslandi var aðeins 18% og því skila 82% framlaganna sér alla leið til verkefnanna. SOS Barnaþorpin leggja ríka áherslu á gegnsæi í fjármálum samtakanna og er áhugasömum velkomnið að hafa samband sé óskað eftir ítarlegum upplýsingum.“



Björgvin í fulltrúaráð SOS

Björgvin Franz Gíslason er nýr meðlimur í fulltrúaráði SOS Barnaþorpanna á Íslandi. Björgvin Franz er fertugur og hefur um árabil getið sér gott orð sem leikari, skemmtikraftur og sjónvarpsþáttastjórnandi.

„Ég er gríðarlega þakklátur fyrir að fá að taka þátt í því frábæra starfi sem samtökin inna af hendi í þágu barna og fjölskyldna um allan heim.“ segir Áslandi.

Fyrir eru í ráðinu Garðar Ingvarsson, Fróði Steingrímsson, Inga Lind Karlsdóttir, Tomasz Pór Veruson, Ingibjartur Jónsson, Claudie Ashonie Wilson, Jónína Lýðsdóttir, Nichole Leigh Mosty, Valur Hermannsson, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir og Gunnar Dofri Viðarsson. Stjórnar- og fulltrúaráðsmeðlimir starfa að sjálfsgöðu í sjálfboðavinnu.

SOS BARNAPORPIN Á ÍSLANDI



Á skrifstofu SOS Barnaþorpanna á Íslandi er fámennit en góðmennt. Þar starfa átta manns í rúmlega fimm stöðugildum. Þau eru til staðar til að veita styrktaraðilum allar upplýsingar. **Efri röð frá vinstri;** Katrín Guðlaugsdóttir og Auður Ösp Gylfadóttir þjónustufulltrúar, Sigurlaug Halldórsdóttir, bókari í hlutastarfi og Hans Steinar Bjarnason, upplýsingafulltrúi. Neðri röð frá vinstri; Þorsteinn Arnórsson, fjármála- og fjárfölnarstjóri, Ragnar Schram, framkvæmdastjóri og Þorsteinn Garðarsson, kerfisfræðingur (verktaki).

Nýr upplýsingafulltrúi

Breyting hefur orðið á starfsmannahaldi á skrifstofu SOS Barnaþorpanna á Íslandi. Hans Steinar Bjarnason tók við starfi upplýsingafulltrúa 2. maí af Sunnu Stefánsdóttur sem lét af störfum. Hans Steinar er 45 ára, fyrrverandi íþróttafréttamaður á RÚV og Stöð 2 og þar áður útvarps- og blaðamaður til margra ára.



Fræðslufulltrúi

Hjördís Rós Jónsdóttir er nýr fræðslufulltrúi SOS Barnaþorpanna á Íslandi í hálfu starfi og tók hún til starfa 8. ágúst sl. Um er að ræða nýtt starf hjá SOS Barnaþorpunum en fræðslufulltrúi heldur meðal annars utan um samstarf við Sólblómaleikskóla, grunn- og framhaldsskóla. Hjördís er 35 ára félagsráðgjafi og starfaði áður sem æskulýðsfulltrúi og verkefnastjóri hjá KFUM og KFUK á Íslandi.



Framlög barna

Stelpur á Selfossi

Það er óhætt að segja að þrjár ungar dömur á Selfossi séu með hjartað á réttum stað. Þær Vanesa, Guðrún Birna og Brynhildur Ruth sem eru 9 og 10 ára tóku saman nokkra muni úr fórum sínum og höfðu til sölu á fjölförnum stað. Eftir stóðu þær með 15.312 krónur sem þær ákváðu að gefa til SOS Barnaþorpanna og brosandí út að eyrum mættu þær með upphæðina á skrifstofuna okkar í Kópavogi. Þær sögðu að einn góðhjartaður vegfarandi hafi látið þær fá 10 þúsund krónur fyrir þetta góða málefni.

Fjárhæðinni sem Vanesa, Guðrún Birna og Brynhildur Ruth söfnuðu verður varið í fjölskyldueflingarverkefni í Tulu Moye í Eþíópíu sem SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna. Þessar frábæru stelpur á Selfossi eru nú orðnir SOS fjölskylduvinir og eiga þátt í því að umkomulaus börn í Tulu Moye geta fengið mat á hverjum degi og aðstoð til að búa sig undir framtíðina.



Vanesa og Guðrún Birna, á myndina vantar Brynhildi Ruth

Arnarsmári

Þessi duglegu börn í leikskólanum Arnarsmára í Kópavogi heimsóttu skrifstofu SOS Barnaþorpanna í Hamraborg í júní og afhentu pening sem þau höfðu safnað í Sólblómabaukinn sinn. Arnarsmári er einn af Sólblómaleikskólum SOS Barnaþorpanna á Íslandi sem á ýmsa vegu safna framlögum í þágu umkomulausra barna. Samtals söfnuðu börnin 16,050 krónum og verður peningnum varið í Fjölskyldueflingarverkefni í Perú. SOS



Arnarsmári

Barnaþorpin á Íslandi fjármagna nefnilega tvö slík verkefni, í Perú og Eþíópíu.

Efstihjalli

Leikskólinn Efstahjalli í Kópavogi er einn af Sólblómaleikskólum SOS Barnaþorpanna á Íslandi. Þessi kátu börn úr efstu deild í Efstahjalla komu á skrifstofu SOS Barnaþorpanna og afhentu 45.000 krónur sem þau hafa safnað með sölu á Sólblómum til ættingja sinna. Upphæðin nemur árgjaldi fyrir styrktarbarn þeirra sem býr í barnaþorpinu Bukavu í Mið-Afríkulyðveldinu Kongó. Það er 6 ára stúlka sem heitir Chancelline.

Með framlögum styrktarforeldra fá börnin í SOS-barnaþorpinum öllum grunnþörfum sínum mætt, ást, umhyggju og menntun sem undirbýr þau fyrir sjálfstætt líf á fullorðinsárum. Þau eignast heimili með SOS-foreldrum og -systkinum og eru búnar eins heimilislegar aðstæður og nokkur kostur er.



Efstihjalli

*Sjáðu til þess að óskum þínum verði framfylgt
hattu áfram að gefa von*



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Fjöldi umkomulausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum SOS Barnaþorpanna.

Hafðu samband við okkur til að fá sendan bæklinginn „Eftir þinn dag“ eða til að fá frekari upplýsingar um erfðagjafir til samtakanna. Sími 564 2910. Netfang sos@sos.is.

SÓLBLÓMAHÁTÍÐ SOS BARNABORPANA

Gleðin var að venju við völd á Sólblómahátíð SOS Barnaborpanna sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 1. júní. Börn á Sólblómaleikskólum á höfuðborgarsvæðinu fögnuðu þannig afrakstri vetrarins með skrudgöngu frá Lækjartorgi og skemmtu sér svo konunglega yfir skemmtiatriðum frá Sirkus Íslandi. 146 börn tóku þátt, frá fimm leikskólum, Reynisholti, Efstíhjalla, Álfaheiði, Rauðaborg og leikskóla Seltjarnarness.



Alls eru um 30 Sólblómaleikskólar víðs vegar um landið en það eru leikskólar sem styðja SOS Barnaborpin, ýmist með því að styrkja ákveðið barn eða með öðrum leiðum.



EINS OG EITT AF OKKAR BÖRNUM

Kvikmyndagerðarkonan Póra Tómadóttir og Vilborg Arna Gissurardóttir, einn þriggja velgjörðarsendiherra SOS Barnaþorpanna á Íslandi, heimsóttu SOS barnaþorpið Kavre, skammt frá Kathmandú, höfuðborg Nepal og ræddu þar við þrjú SOS börn sem eiga íslenska styrktarforeldra. Í þorpinu búa um 140 börn með SOS fjölskyldum og fá tækifæri til að mennta sig og alast upp.



Shweta

Shweta er 15 ára stúlka sem hjónin Kristinn Gestsson og Jóhanna S. Vilhjálmisdóttir styrkja. „Hún er í rauninni eins og eitt af okkar börnum þó að við séum ekki með hana í fanginu eða hún alist ekki upp með okkur dags daglega.“ segir Kristinn.

„Menntun, lykillinn að framförum“

„Þetta er sennilega þriðja stúlkan sem við styrkjum. Þessa stúlku erum við búin að vera að styrkja frá því hún var um það bil 10 ára. Þegar ég fór út í þetta á sínum tíma þá fannst mér þetta vera ágætis leið til þess að leggja eitthvað til í stórum svöngum heimi. Ég hef alltaf trú að því að menntun sé lykillinn að öllum framförum. Ekki síst fyrir fólk í svona stöðu þar sem fátækt og fáfræði er mikil.“ segir Kristinn.

Shweta segir að hún hafi það mjög gott í þorpinu. „Það er gott að alast upp í þessu þorpi. Ég á níu yngri bræður og systur og tíu eldri bræður og systur. Fólkið í þorpinu hjálpar mér á alla mögulega vegu sem það getur. Við fáum góða menntun og lífum heilsusamlegu lífi. Við fáum gott uppeldi og eignumst góða vini og eigum góða fjölskyldu að.“ segir Shweta.



Kristinn og Jóhanna



Helga Dröfn

„Óháð stjórnálaöflum og trúarbrögðum“

Helga Dröfn Þórarinsdóttir byrjaði árið 2000 að styrkja þriggja ára gamlan dreng í þorpinu, Mani Thakali, sem nú er orðinn 21 árs. Hann er á leið í meistaranám en menntun sína og gott fjölskylduumhverfi á hann meðal annars að þakka Helgu.

„Mér fannst kostur að SOS Barnaþorpin eru ekki samtök tengd einhverju stjórnálaafli eða trúarbrögðum. Heldur var lögð áhersla á að búa börnunum heimili og fjölskyldu.“ segir Helga sem hefur frá upphafi fengið reglulega fréttir af Mani.



Mani Thakali



Mani Thakali og systkini í barnaþorpinu

„Síðan hafa jafnt og þétt borist fréttir af því hvernig honum hefur vegnað. Hvernig honum gengur í skólanum og hvernig honum gengur félagslega. Eftir að hann fór að verða stálpaðri fóru líka að koma bréf frá honum. Honum hefur bara gengið nokkuð vel í skólanum og virðist vera félagslega sterkur.“ segir Helga.

„Barnaþorpið hefur breytt lífi mínu“

„Ég kom í þorpið þegar ég var tveggja og hálfis árs. Ég ólst upp hérna og hef verið hér frá barnæsku. Ég kláraði gagnfræðiskólann hérna og nú stefni ég á meistaranám. Ef ég hefði ekki komið í barnaþorpið hefði ég ekki fengið að stunda háskólanám. Það er mjög vinginglegt hérna og maður eignast marga vini og systkini. Barnaþorpið hefur breytt lífi mínu.“ segir Mani.

„Ef ég get þetta ekki, hvað getur maður þá?“

Hin títuga Santoshi sem alist hefur upp í Kavre á Ingu Rósu Joensen margt að þakka. Inga Rósa hefur í um 15 ár verið styrktarforeldri Santoshi sem nú stundar BA-nám í viðskipta- og lögfræði við háskólann í Kathmandú. „Ég er á minni þriðju önn. Mér finnst ég einstaklega heppin að fá ást og umhyggju frá manneskju sem þekkir okkur ekki. Ég er mjög þakklát styrktarforeldrum SOS.“ sagði Santoshi.

Inga Rósa hefur styrkt Santoshi í nærri 16 ár. Hún á eina dóttur og einn dótturson og vinnur á leikskóla. Inga Rósa hugsar oft til þess hversu mikill aðstöðumunur er á umhverfinu á Íslandi og í Nepal. „Til dæmis þá hugsa ég að nú sé svo lítið eftir af peningum hjá mér því ég er ekki með há laun. En þá hugsa ég bara, ef ég get þetta ekki, hvað getur maður þá?“ segir Inga Rósa.

Viðtölin við SOS börnin þrjú og íslensku styrktarforeldra þeirra má sjá á heimasíðu SOS, sos.is. Þar er líka hægt að gerast styrktarforeldri fyrir 3,900 krónur á mánuði eða með því að hringja á skrifstofu SOS Barnaþorpanna í Hamraborg í Kópavogi í síma 564 2910.



Santoshi



Inga Rósa

„Á SOS BARNABORPUNUM ALLT AÐ ÞAKKA“

Hermann Gmeiner verðlaunin voru afhent föstudaginn 22. júní í Innsbruck í Austurríki og þau hlutu að þessu sinni Maria Angelina frá Indónesíu, baráttukona gegn mansali og Dr Muruga Sirigere, læknir frá Indlandi sem veitir fátækum fría heilbrigðisþjónustu.

Verðlaunin eru nefnd eftir stofnanda SOS Barnabörpunnar, Hermann Gmeiner og veitt í kringum fæðingardag hans 23. júní. Viðurkenningin hefur frá árinu 1991 verið veitt hvetjandi einstaklingum sem eftir dvöl hjá SOS Barnabörpunum á árum áður hafa látið til sín taka og skipt sköpum fyrir samfélag sitt.

Stendur ekki aðgerðarlaus hjá

„Ég get ekki staðið aðgerðarlaus þegar ég horfi upp á

réttindi barna og kvenna hrífsuð á brott á ómannúðlegan hátt af grimmu fólki. Ég er mjög þakklát fyrir að hafa alist upp hjá SOS fjölskyldu. Ég gæti hafa orðið fórnarlamb mansals ef ég hefði ekki búið í SOS barnabörpinu Flores.“ segir Maria.

„Á SOS Barnabörpunum allt að þakka“

Dr. Muruga Sirigere vinnur sem kennari í háskóla og kennir þar læknanemum líffefnafræði. Í frítíma sínum sinnir hann lítilli heilsgæslustöð ásamt vinum sínum og veita þeir fátæku fólki fría lækniþjónustu og útvega því frí lyf. „Allt sem ég geri í dag á ég SOS Barnabörpunum að þakka. Ég kom þangað 5 ára frá fátækri fjölskyldu.“ segir Dr. Muruga.



Maria Angelina



Dr. Muruga Sirigere



SÖFNUÐU DÓSUM FYRIR SOS

Þessar góðhjörtaðu ungu stúlkur á Reyðarfirði, Emilía Rós Ingimarsdóttir og Júlía Sigríður Grzegorzsdóttir, höfðu samband við skrifstofu SOS Barnabörpunnar og vildu leggja okkur lið. Vinkonurnar, sem eru á níunda aldursári, vildu láta gott af sér leiða og söfnuðu dósum sem þær fengu 12,756 krónur fyrir. Peninginn sendu þær svo til SOS Barnabörpunnar og var upphæðinni varið í fjölskyldueflingarverkefnið sem hófst í Epiópiu í janúar sl.

Peningarnir koma að góðum notum fyrir skjólstæðinga fjölskyldueflingarinnar í þorpinu Tulu Moye. Þar búa m.a. systkinin Mena sem er 18 ára og bróðir hennar Tee ásamt tveimur ungum systkinum sínum og eins árs gömlu barni Menu. Móðir þeirra er látin og faðir þeirra yfirgaf þau.

Með hjálp góðhjartaðs fólks eins og Emilíu og Júlíu geta skjólstæðingar fjölskyldueflingar SOS Barnabörpunnar, umkomulaus börn, nú fengið mat á hverjum degi og aðstoð til að búa sig undir framtíðina. Emilía og Júlía eru nú orðnir fjölskylduvinir SOS Barnabörpunnar og þökkum við þeim kærlega fyrir þetta frábæra framtak.



Emilía Rós og Júlía Sigríður

FJÖLSKYLDUEFLING SOS BARNABORPANNA

Fátækar fjölskyldur í Eþíópíu og Perú fá aðstoð frá Íslandi

Fjölskylduefling SOS Barnabörpanna gengur út á að fátækar barnafjölskyldur á svæði nálægt SOS barnabörpi fá aðstoð frá samtökunum til sjálfshjálpar, það er að sjá fyrir börnum sínum og mæta grunnþörfum þeirra.

SOS á Íslandi fjármagnaði fjögurra ára fjölskyldueflingarverkefni í Bissá, höfuðborg Gíneu-Bissá, sem lauk í fyrra með góðum árangri og í kjölfarið hófst tímabundið verkefni í Venesúela og Eþíópíu sem nýttist um 900 fjölskyldum.

SOS á Íslandi fjármagnar nú tvö fjölskyldueflingarverkefni, eitt í Perú og annað í Eþíópíu sem hófst 18. janúar sl. Það er á Tulu Moye svæðinu sem er í 175 km fjarlægð frá höfuðborginni Addis Ababa. 556 fjölskyldur á svæðinu sem lifa í sárafátækt hafa verið teknar inn í verkefnið en í þeim eru 1633 börn undir 18 ára aldri. Aðstæður barna eru bágbornar og fólkið þarf sannarlega á aðstoð okkar að halda.

Niðurbrotinn yfir því að komast ekki í skóla

Taye er 17 ára strákur sem hefur áhyggjur af framtíð sinni því foreldrar hans hafa ekki lengur efni á menntun fyrir hann. Taye lauk námi í tíunda bekk fyrir nokkrum mánuðum og ætti að vera að undirbúa sig fyrir menntaskóla en hann á fimm yngri systkini sem foreldrarir þurfa líka að fæða og klæða. Auk þess sem þau hafa ekki lengur efni á menntun fyrir Taye þarf hann nú að leggja sín lóð á vogarskálarnar við að afla tekna fyrir heimilið. „Ég veit að foreldrar mínir eru að reyna sitt besta en lífið er erfitt án peninga. Ég er niðurbrotinn yfir því að komast ekki í menntaskóla.“ sagði Taye í samtali við starfsmann SOS Barnabörpanna sem sá augu hans fyllast af tárur.



Taye vinnur með föður sínum við að útbúa mold til húsbygginga.



Taye að þvo þvottinn með móður sinni

Taye á sér þann draum að verða læknir og sá draumur getur nú ræst með aðstoð fjölskyldueflingarinnar. „Ég vil verða læknir því það er skortur á þeim hér í Eþíópíu. Svo margar konur deyja af barnsförum og ég vil hjálpa til við að draga úr þeirri dánartíðni.“

Sérþjálfað starfsfólk

SOS Barnabörpin hafa þjálfað starfsfólk í að hjálpa fjölskyldum sem þessari í Tulu Moye og felst verkefnið m.a. í að styðja fjölskyldur til sjálfbærni. Áhersla er lögð á börnin fái menntun, fjölskyldur fá faglega aðstoð við að auka tekjumöguleika sína, meðal annars með námskeiðum í rekstrarháttum og fjármálalæsi. Þá er þeim gert kleift að taka lán á lágum vöxtum til að eiga fyrir grunnþörfum barnanna. Reikna má með að fjölskylda Taye muni með aðstoð fjölskyldueflingar SOS komast á réttan kjöl innan þriggja ára.

Móðir Taye heitir Emebet og er 32 ára. Hún hefur haft tekjur af því að baka flatbrauð og faðir hans vinnur við meðhöndlun á mold til húsbygginga en tekjurnar duga skammt. „Mín von er að SOS teymið muni hjálpa mér við að koma upp smárekstri. Ég stefni á að leggja fyrsta sparnaðinn í reksturinn til að leggja grunn að hagnaði. Eftir það ætla ég að koma börnunum til mennta og kaupa næringarríkan mat en ég hef ekki haft efni á því.“ segir Emebet.

Í fjötrum fátæktar

Tadese Abebe, framkvæmdastjóri verkefnis fjölskyldueflingar SOS í Tulu Moye, segir að stærsta ástæðan fyrir fátækt fjölskyldna á svæðinu sé skortur á menntun. „Flestar fjölskyldurnar eru í þessari stöðu vegna þess að foreldrarir eru ólæsir, óskrifandi og lítið menntaðir.“

Þú getur hjálpað

Fjölskyldueflingunni er haldið upp af Fjölskylduvinum SOS Barnabörpanna. Til að gerast SOS-fjölskylduvinur getur þú annað hvort hringt á skrifstofu samtakanna í Kópavogi í síma 564 2910 eða einfaldlega farið inn á heimasíðuna sos.is og valið þar að greiða frá 1.000 krónum á mánuði upp í hærri fjárhæðir.

SKÓR TIL AFRÍKU

Pekkir þú þína skó?

Ísland og Nígíría voru mótherjar á fótboltavellinum á HM í sumar en utan vallar erum við samherjar. Þau voru alsæl börnin og ungmennin sem daginn fyrir leik Íslands og Nígíríu fengu afhenta að gjöf íþróttaskó frá Íslandi í SOS Barnahorpinu Gwagwalada í Abuja, höfuðborg Nígíríu. Þetta var fyrsta afhending eftir skósöfnun sem fram fór við Rauðavatn 2. júní sl. Þá söfnuðust yfir 500 pör af íþróttaskóm í tengslum við góðgerðar- og fjölskylduhlaupið Skór til Afríku.

Um tvö hundruð manns tóku þátt og áttu skemmtilega fjölskyldustund í góðviðrinu við Rauðavatn. Þátttakendur ýmist hlupu eða gengu þriggja og hálfis kílómetra leið með hinum ýmsu hindrunum kringum vatnið. Þátttökugjaldið var eitt par af vel með förunum íþróttaskóm sem sendir voru til Nígíríu.

Forsetafrúin Elíza Reid hljóp ásamt sonum sínum Duncan og Sæþóri í fyrsta ráshópi og ekki ber á öðru en að fjölskyldan á Bessastöðum sé í góðu formi því þau komu fyrst í mark. Elíza er einn af velgjörðarsendiherrum SOS Barnahorpanna á Íslandi.


Ákveðið var að safna skónum fyrir SOS Barnahorpin í Nígíríu því þjóðirnar voru saman í riðli á HM. Fjögur SOS Barnahorpar eru í Nígíríu og þar munu skórnir koma að góðum notum. Gríðarleg fátækt er í Nígíríu þar sem 60% íbúa lifa undir fátæktarmörkum. Eins og þessar myndir bera vott um var mikil ánægja með skóna enda eru börnin í Nígíríu með sömu drauma um íþróttaiðkun og önnur börn.

130 Íslendingar styrkja verkefni SOS Barnahorpanna í Nígíríu með mánaðarlegum framlögum. 320 börn og ungmenni eru í 46 SOS fjölskyldum í þessum þorpum en miklu fleiri njóta aðstoðar samtakanna í gegnum sérstaka SOS fjölskyldueflingu.

Hlaupið var skipulagt af útvarpsstöðinni K100, Morgunblaðinu og Mbl.is í samstarfi við SOS Barnahorpin á Íslandi. Fjölmargir sjálfbóðaliðar komu að viðburðinum og styrktaraðilar gáfu þjónustu og vörur. Kunnum við eftirfarandi fyrirtækjum bestu þakkar fyrir, Lindex, Eddu útgáfu, Toppi, Icon, Skuggalandi, Kjörís og DHL sem gaf sendinguna á skónum til Nígíríu.



"Mikil gleði ríkti þegar skórnir voru afhentir. Pekkir þú þína skó á myndinni?"



ÁFRAM ÍSLAND!

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta hefur reglulega vakið heimsathygli undanfarin ár fyrir afrek sín á vellinum en athyglin á liðinu hefur aldrei verið eins mikil og á HM í sumar. Strákarnir okkar voru fyrir augum allrar heimsbyggðarinnar á HM í Rússlandi og aðdáendum liðsins fjölgaði ört. Stuðningskveðjur til íslenska liðsins bárust skrifstofu SOS Barnaorpanna á Íslandi frá tveimur barnaorpum, í Mexíkóborg og Addis Ababa í Eþíópíu. Gaman er að sjá hvað börnin lögðu á sig við skreytingar til að senda kveðjur til Íslands eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.

175 börn eru í SOS barnaorpinu í Addis Ababa og þar styrkja um 30 íslenskir styrktarforeldrar börn með mánaðarlegu framlagi.


Ísland var hársbreidd frá því að komast í 16 liða úrslit á HM en til marks um hversu litlu má oft muna í þróttum þurfti íslenska liðið að sætta sig við neðsta sæti síns riðils. Frammistaða liðsins var þó á þann veg að þjóðin fylltist af stolti og strákarnir gátu gengið frá mótinu með höfuðið hátt.



Mexíkó

Í SOS barnaorpinu í Mexíkóborg eru 47 börn og eru um 20 Íslendingar að styrkja börn þar með sama fyrirkomulagi.

Eitt þeirra styrktarforeldra heimsækir þorpið einu sinni á ári. „Jafnvel þótt hann sé bara styrktarforeldri einnar stúlku hérna þá er hann mjög rausnarlegur við hinar stelpurnar líka. Þess vegna fannst þeim mjög ánægjulegt að senda Íslendingum þessa kveðju.“ segir í skilaboðum með einni myndinni.



Viltu gefa styrktarbarninu þínu gjöf inn á Framtíðarreikning?

Vinsamlegast leggðu þá inn á eftirfarandi reikning:

Reikningsnúmer 0334-26-51092

Kennitala 500289-2529

Þú getur einnig gefið barninu þínu gjöf á „mínum síðum” - minarsidur.sos.is

MÍNAR SÍÐUR Á SOS.IS

Styrktaraðilum SOS Barnaþorpanna er alltaf velkomið að hringja á skrifstofu okkar í Hamraborg 1 í Kópavogi í síma 564 2910 fyrir hin ýmsu erindi. En okkur er líka ljúft að segja ykkur frá þægilegum valmöguleika á heimasíðunni okkar sos.is sem heitir Mínar síður. Þar geta styrktaraðilar gert allar helstu breytingar á skráningu sinni hjá samtökunum, skoðað yfirlit og gengið frá millifærslu á peningagjöf til styrktarbarna sinna. Hægt er að skrá sig inn á Mínar síður með netfangi, rafrænum skilríkjum eða Íslykli.

- Peningagjöf til styrktarbarns
- Upplýsingar um barnið og barnaþorpið
- Gervihnattamynd af þorpinu
- Breytt persónulegum upplýsingum
- Yfirlit yfir öll þín framlög

FRAMTÍÐARREIKNINGUR

Um er að ræða sérstakan gjafareikning SOS Barnaþorpanna á Íslandi en þú ákveður sjálf/sjálfur upphæðina hverju sinni. **Mikilvægt er að kennitala styrktarforeldris komi fram svo rétt barn fái gjöfnina**

Þær peningagjafir sem greiddar eru inn á þennan reikning fara óskiptar til viðkomandi barns. Upphæðin er lögð inn á framtíðarreikning í viðkomandi landi á nafni barnsins og fær barnið peninginn þegar það yfirgefur þorpið og fer að standa á eigin fótum.

Þegar styrktarbarni er gefin peningagjöf fær styrktarforeldri sent þakkarbréf frá skrifstofu SOS Barnaþorpanna þar sem staðfest er að gjöfin hafi borist.

Þetta er frábær leið til að auka möguleika barnsins þíns enn frekar í framtíðinni, en til að mynda er algengt að sjóðurinn nýtist til íbúðarkaupa eða fjármögnuna á frekara námi.

Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur frekari spurningar!



**VILT ÞÚ GREIÐA FYRIR FRÉTTABLAÐIÐ
OG STYRKJA ÞANNIG VIÐ VERKEFNI SOS
BARNABORPANNA UM ALLAN HEIM?**

Reikningsnúmer: 0130-26-9049

Kennitala: 500289-2529

**EINNIG ER HÆGT AÐ HRINGJA Í
SÍMANÚMERIÐ 907-1001 OG GEFA
ÞANNIG 1000.KR. STAKT FRAMLAG
TIL SOS BARNABORPANNA.**

TAKK FYRIR STUÐNINGINN!